

**Sp.**

**647. Beiðni um skýrslu**

**[356. mál]**

frá sjávarútvegsráðherra um úrvinnslu sjávarafla, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni, Garðari Sigurðssyni, Geir Gunnarssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Helga Seljan, Ragnari Arnalds, Jóhönnu Leópoldsdóttur, Steingrími J. Sigfússyni og Svavari Gestssyni.

Með vísan til 30. gr. þingskapa óskum við undirritaðir alþingismenn eftir því að sjávarútvegsráðherra flytji Alþingi skýrslu um úrvinnslu sjávarafla undanfarin fjögur ár, útflutning á ferskfiski og fjárfestingar í sjávarútvegi. Jafnframt er óskað eftir að fram komi mat sjávarútvegsráðherra á því hvaða hagnýting á sjávarafla og vinnsluaðferðir séu þjóðhagslega hagkvæmastar og hver sé stefna ráðherrans í þeim efnum næstu ár.

Þess er óskað að í skýrslunni komi m.a. fram upplýsingar og mat á eftirfarandi atriðum:

1. Hversu mikill hluti bolfiskaflans hefur farið til:
  - a. útflutnings ísfisks,
  - b. frystingar um borð í togurum,
  - c. frystingar í landi,
  - d. söltunar og
  - e. skreiðarverkunará árunum 1982, 1983, 1984 og 1985.
2. Hversu mikið af beinum og slógi, lifur og hrognum hefur verið nýtt, flokkað eftir verkunar- og veiðiaðferðum, og hversu miklu hefur verið hent á þessum árum.

3. Hve mikið hefur verið fjárfest árlega á tímabilinu 1982–1985 (reiknað til verðlags í janúar 1986) í heild og flokkað eftir útgerðarstöðum:
  - a. í nýjum fiskiskipum,
  - b. í breytingum á eldri skipum,
  - c. í frystitogurum og frystibúnaði um borð í veiðiskipum,
  - d. í fiskvinnslustöðvum og búnaði til úrvinnslu sjávarafra í landi.
4. Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu til einstakra þátta samkvæmt 3. tölulið.
5. Hversu mikið hefur verið fjárfest á tímabilinu 1982–1985:
  - a. vegna rækjuveiða,
  - b. vegna rækjuvinnslu.
 Hvaða ákvarðanir og áætlanir liggja fyrir um viðbótarfjárfestingu vegna þessara þátta.
6. Hvaða vitneskja og mat liggur fyrir á veiðipóli rækjustofna á Íslandsmiðum.
7. Hvernig er háttað nýtingu fiskvinnslustöðva í einstökum sjávarplássum og yfir landið í heild flokkað eftir verkunaraðferðum.
8. Ef nýtingu vinnslustöðva, sbr. 7. tölulið., er ábótavant, hverjar eru orsakir þess (skortur á hráefni, skortur á vinnuafli o.s.frv.).
9. Hvaða þættir það eru sem einkum hafa valdið mikilli aukningu:
  - a. á útflutningi ísvarins fisks,
  - b. á útgerð frystitogara.
 Hvort um sé að ræða mismunun í gjaldtöku og skattlagningu sem ýtir undir þessa þróun umfram vinnslu í landi og í hverju sú mismunun sé þá fólgin.
10. Hvernig sjávarútvegsráðuneytið metur hagkvæmni og þjóðhagslega arðsemi:
  - a. af útflutningi ísvarins fisks,
  - b. af útgerð frystitogara,
  - c. af hefðbundinni fiskverkun í landi.
11. Hvers konar úrvinnslu sjávarafra sjávarútvegsráðherra telur hagkvæma og skynsamlega á komandi árum, m.a. með hliðsjón af mörkuðum og þeirri fjárfestingu og byggð sem fyrir er í landinu.

Þess er óskað að skýrslan verði tekin til umræðu á fundi sameinaðs Alþingis fljótlega eftir að henni hefur verið útbýtt meðal þingmanna.

Alþingi, 18. mars 1986.

Hjörleifur Guttormsson.

Garðar Sigurðsson.

Geir Gunnarsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Helgi Seljan.

Ragnar Arnalds.

Jóhanna Leópoldsdóttir.

Steingrímur J. Sigfússon.

Svavar Gestsson.

Til forseta sameinaðs Alþingis, Alþingi.